

Samþykkt fyrir Bæjarráð Grindavíkurbæjar.

1. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn og hefur umsjón með stjórnslu Grindavíkurbæjar almennt og fjárstjórn sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Bæjarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

2. gr.

Bæjarráð er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara, kosnum af bæjarstjórn. Bæjarráð skiptir með sér verkum og kýs formann og varaformann. Fjármálastjóri er ritari bæjarráðs. Kjörtímabil bæjarráðs er eitt ár. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarráð skal halda gerðabók og skulu fundargerðir sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Bæjarráð skal að jafnaði funda fyrstu þrjá miðvikudaga hvers mánaðar. Fella má bæjarráðsfund niður séu ekki brýn mál á dagskrá að mati formanns bæjarráðs og bæjarstjóra. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess. Fulltrúar í bæjarráði skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

3. gr.

Hlutverk bæjarráðs er:

- -að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í fjármálum og rekstri Grindavíkurbæjar og stofnana hans og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.
- -að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í atvinnu- og ferðamálum og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.

- -að hafa eftirlit með stjórnslu, fjármálum og rekstri stofnanna Grindavíkurbæjar, og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.
- -að leggja mat á stjórnslu og þjónustu bæjarins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- -að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs
- -að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi þau mál sem uppi eru hverju sinni.

4. gr.

Verkefni bæjarráðs eru:

- Að fjalla um erindi sem berast Grindavíkurbæ og falla ekki undir verkefnasvið annarra nefnda.
- Að fjalla um atvinnuþróun, stöðu á vinnumarkaði og ný atvinnutækifæri í Grindavík.
- Að gera tillögu að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Grindavíkurbæjar og stofnanna hans.
- Að gera tillögur að breytingum á álagningarhlutföllum og gjaldskrá.
- Gerð ársreiknings bæjarsjóðs Grindavíkurbæjar og stofnanna hans.
- Að hafa eftirlit með fjárhag og rekstri bæjarsjóðs Grindavíkurbæjar og stofnanna hans.
- Að hafa eftirlit með framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar.
- Að vera tengiliður við ráðuneyti sveitarstjórnarmála og eftir atvikum Alþingi og önnur ráðuneyti.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur bæjarráði á hverjum tíma.

5. gr.

Bæjarstjóri og fjármálastjóri sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þeir eru ráðgjafar bæjarráðs og sjá um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Bæjarstjóri undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær. Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu Grindavíkurbæjar.

6. gr.

Bæjarráð getur kallað stjórnendur og starfsmenn til fundar þegar um mál þeim tengd er fjallað. Bæjarráð skal gæta ákvæða stjórnslulaga við meðferð mála

Sett með heimild í 57. gr. samþykktar um stjórn Grindavíkurbæjar og fundarskög bæjarstjórnar nr. 805/2011

Samþykkt á 410. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 7. September 2011.